Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 17. nóvember 2025
25111386/999.00 ABS

Efni: Viðmið um starfsáætlanir leikskóla Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Viðmið starfsáætlunar leikskóla Kópavogs

Kaflar	Viðmið
Inngangur	Stutt greinagerð/umfjöllun stjórnenda um starf síðasta árs, tilgreina áherslur og áskoranir í leikskólastarfinu.
Skólastarfið/Leiðarljós	Hvað stendur skólinn fyrir (í stuttu máli), einkunnarorð hans og er vísað í skólanámskrá?
Innra mat leikskólans 2024-2025	Hvað var metið síðasta skólaár? Stutt samantekt fyrir leikskólann í heild sinni.
Ytra mat leikskólans 2024-2025	Hvað var metið 2024-2025?
Umbótaáætlun leikskólans	Er hún til staðar? Er horft í gögn síðasta árs?
Áherslur í starfi leikskólans	Áherslur næsta starfsárs • Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið, í stuttu máli hvernig eru áherslur þetta skólaárið. T.d. er leikskólinn réttindaskóli Unicef, ef ekki hvenær hyggist þið hefja það ferli? Hvernig er unnið með ,,Okkar leikskóli“ verkefnið? • Áætlun um læsisstefnu, í stuttu máli áherslur um hvernig unnið verður á skólaárinu að gerð læsisstefnu leikskólans og innleiðingu hennar. • Viðmið um málstefnu, í stuttu máli áherslur um hvernig unnið verður á skólaárinu að gerð málstefnu og innleiðingu hennar. • Nýjar áherslur í aðalnámskrá, í stuttu máli hvernig gengur sú vinna? • Endurskoðun skólanámskrár, í stuttu máli hvernig gengur sú vinna? • Hæfnirammar í íslensku, í stuttu máli hvort hann er nýttur í skólanum og er hann nýttur fyrir öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn? • Farsældin, er allt starfsfólk skólans meðvitað um hvað felst í farsældarlögunum?

	• Lausnarteymi, í stuttu máli hvernig gengur starf lausnateymis. Hverjir sitja í lausnarteyminu?
Þróunar- og nýbreytnistarf	Ný verkefni, til að mynda þróunar- og samstarfsverkefni.
Foreldrasamstarf	Er foreldraráð – foreldrafélag? Er tilgreint hvernig foreldrar eru upplýstir um það hver situr í ráðinu? Stuttur texti en ýtarlegri í skólanámskrá/heimasíðu, er vísað í hana?
Starfsfólk	Samsetning starfsfólks, hafa orðið miklar breytingar á honum frá síðasta skólaári, segja frá stöðugildum næsta skólaár.
Símenntunaráætlun	Er hún til staðar?
Skipulagsdagar	Hvaða dagar eru þetta og hvað verður gert?
Aðrar upplýsingar	Hvað eru mörg börn næsta leikskólaár, aldursskipting, hve mörg börn með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn, dvalartími barna, sérkennsla.
Húsnæði og lóð	Viðhald gert og ósk.
Öryggismál	Er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð?
Lokaorð	Koma áherslur og umbætur sem unnið verður að á komandi starfsári í leikskólastarfinu fram í stuttu máli?
Fylgigögn	Umbótaáætlun, símenntunaráætlun,skóladagatal, umsögn foreldraráðs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026